

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa
03 101

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfsþáttayfirlit	7
Skýringar	8

Utánríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

kt. 670269-4779

Rauðárstíg 25, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Ráðuneytið tekur þátt í alþjóðastarfi, til hagsbóta fyrir íslenskan almenning og atvinnulíf. Það gætir hagsmuna íslenskra ríkisborgara, fyrirtækja og neytenda með því að tryggja aðgang að alþjóða mörkuðum og efla fríverslun. Það styður við íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl erlendis og kynnir menningu og listir um víða veröld. Utanríkisráðuneytið sinnir pólitískum samskiptum Íslands við erlend ríki og innan alþjóðastofnana er varðar allt frá mannréttindum til öryggismála. Í lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39, 16. apríl 1971 segir að utanríkisþjónustan fari með utanríkismál og gæti í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum og skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir stjórnámál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir nokkur málefnavið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 2.054,7 milljónir og afkoma kr. -15,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -22,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 807,6 milljónir.

Neikvæð staða í árslok, 22,2 m.kr. skýrist af samþykkt í ríkisstjórn um neyðarflug með Íslendinga frá Ísrael í upphafi átaka á svæðinu. Neikvæð staða vegna þessa verður felld niður á árinu 2024 skv. fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning utanríkisráðuneytis fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Gísli Þór Magnússon
skrifstofusjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.993.000.000	1.849.600.000
Seld þjónusta	3	11.564.928	11.544.400
Framlög og ýmsar tekjur	4	19.950.000	9.931.895
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		2.702	2
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	30.220.033	27.140.305
Tekjur samtals		2.054.737.663	1.898.216.602
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.920.586.094	1.808.546.034
Annar rekstrarkostnaður	6	117.819.762	149.495.754
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		1.487.077	528.418
Afskriftir og niðurfærslur	7	30.220.033	27.140.305
Gjöld samtals		2.070.112.966	1.985.710.511
Afkoma ársins		(15.375.303)	(87.493.909)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	8	3.482.758	161.504
Viðskiptakröfur		2.882.211	1.769.166
Tengdir aðilar	9	683.468.328	601.864.022
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		4.686.793	6.872.773
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	113.113.225	80.206.900
Eignir samtals		<u>807.633.315</u>	<u>690.874.365</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	16.786.241	5.744.249
Viðskiptaskuldir		31.549.705	41.987.535
Ýmsar skammtímaskuldir	11	252.261.144	247.511.020
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	529.257.181	402.477.214
Skuldir samtals		<u>829.854.271</u>	<u>697.720.018</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		(22.220.956)	(6.845.653)
Eigið fé			
Hrein eign	13	(22.220.956)	(6.845.653)
Eigið fé samtals		<u>(22.220.956)</u>	<u>(6.845.653)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>807.633.315</u>	<u>690.874.365</u>
Aðrar upplýsingar			
	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afcoma ársins		(15.375.303)	(87.493.909)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	30.220.033	27.140.305
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(30.220.033)	(27.140.305)
		<u>(15.375.303)</u>	<u>(87.493.909)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		1.072.935	(2.585.335)
Tengdir aðilar		23.311.328	93.623.841
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(5.687.706)	(4.630.156)
		<u>18.696.557</u>	<u>86.408.350</u>
		<u>3.321.254</u>	<u>(1.085.559)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	<u>(63.126.358)</u>	<u>(22.843.323)</u>
		(63.126.358)	(22.843.323)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		<u>63.126.358</u>	<u>22.843.323</u>
		63.126.358	22.843.323
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		3.321.254	(1.085.559)
		161.504	1.247.063
		<u>3.482.758</u>	<u>161.504</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	1.889.400.000	157.000.000	2.046.400.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	88.600.000	0	88.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	15.000.000	0	15.000.000
Fjárveiting ársins	1.993.000.000	157.000.000	2.150.000.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	(6.845.653)	322.270.314	315.424.661
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.986.154.347	479.270.314	2.465.424.661
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(2.008.375.303)	(63.126.358)	(2.071.501.661)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	(22.220.956)	416.143.956	393.923.000

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2023, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 03 101 101 Málefnasvið - málaflokkur 04 10	Tækni og búnaður 03 101 601 04 10	Samtals 2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	1.993.000.000	0	1.993.000.000
Seld þjónusta	11.564.928	0	11.564.928
Framlög og ýmsar tekjur	19.950.000	0	19.950.000
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	2.702	0	2.702
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	29.951.028	269.005	30.220.033
Tekjur samtals	2.054.468.658	269.005	2.054.737.663
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	1.920.586.094	0	1.920.586.094
Annar rekstrarkostnaður	117.819.762	0	117.819.762
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	1.487.077	0	1.487.077
Afskriftir	29.951.028	269.005	30.220.033
Gjöld samtals	2.069.843.961	269.005	2.070.112.966
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(15.375.303)	0	(15.375.303)
Afkoma ársins	(15.375.303)	0	(15.375.303)
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(15.375.303)	0	(15.375.303)
	(15.375.303)	0	(15.375.303)
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.889.400.000	0	1.889.400.000
Launbætur	88.600.000	0	88.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	15.000.000	0	15.000.000
Fjárveiting til tekna	1.993.000.000	0	1.993.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(2.008.375.303)	0	(2.008.375.303)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(15.375.303)	0	(15.375.303)
Staða fjárveitinga 2022 í lok þess árs	(6.845.653)	0	(6.845.653)
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(22.220.956)	0	(22.220.956)
	(22.220.956)	0	(22.220.956)
Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	0	157.000.000	157.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	65.000.000	(65.000.000)	0
Fjárfesting á árinu	(63.126.358)	0	(63.126.358)
Staða fjárfestingafjárveitingar	1.873.642	92.000.000	93.873.642
Staða fjárfestinga 2022 í lok þess árs	177.370.314	144.900.000	322.270.314
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2023	179.243.956	236.900.000	416.143.956

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af veitingasölu.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Skýringar

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.993.000.000	1.849.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	30.220.033	27.140.305
	<u>2.023.220.033</u>	<u>1.876.740.305</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.889.400.000	0	0	1.889.400.000
Launabætur	88.600.000	0	0	88.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	15.000.000	0	0	15.000.000
Fjárveiting til tekna	1.993.000.000	0	0	1.993.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(2.008.375.303)	0	0	(2.008.375.303)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(15.375.303)	0	0	(15.375.303)

	2023	2022
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	2.139.271	0
Veitinga- og gistiþjónusta	9.425.657	11.544.400
	<u>11.564.928</u>	<u>11.544.400</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	18.750.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.200.000	2.500.000
Ýmsar tekjur	0	7.431.895
	<u>19.950.000</u>	<u>9.931.895</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.533.777.900	1.475.204.476
Orlof, breyting	9.384.573	(20.859.738)
Launatengd gjöld	346.751.764	335.928.894
Starfsmannakostnaður	30.671.857	18.272.402
	<u>1.920.586.094</u>	<u>1.808.546.034</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	104,0	115,8

Skýringar

	2023	2022
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	7.370.581	4.892.867
Byggingarvörur, almennar	317.263	415.594
Byggingarvörur, aðrar	84.699	3.250
Ýmis tæki og áhöld	9.847.777	12.582.566
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	8.663
Orkugjafar	14.893.907	13.627.697
Matvæli	30.641.116	26.651.978
Almennar rekstrarvörur	2.086.204	2.580.106
Vörukaup, almenn	65.241.547	60.762.721
Rannsóknarstofuefni	8.692	0
Kennslu- og föndurvörur	35.467	48.770
Ýmsar sérgreindar vörur	833.830	252.463
Vörukaup, sérgreind	877.989	301.233
Fundir, námskeið, risna	28.420.168	29.930.981
Ferðir, uppihald	112.297.221	111.437.028
Akstur	15.715.760	20.025.669
Sérfræðiþjónusta	67.048.018	76.763.733
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	693.729	574.928
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	8.182.909	7.215.264
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	14.216.199	14.387.054
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	246.574.004	260.334.657
Samningsbundin kaup og leiga	0	6.000.000
Afnotagjöld	64.404.634	51.478.578
Leigugjöld	177.788.056	170.938.807
Notkun véla og flutningatækja	22.910.340	448.081
Verkkaup	31.381.432	31.371.639
Kostnaðarhlutdeild	9.253.226	7.654.114
Tryggingar, lögboðnar	212.606	6.520
Opinber gjöld	297.185	138.226
Tilfærslur	57.875.851	531.800
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	364.123.330	268.567.765
Hlutdeild annarra í kostnaði	(558.997.108)	(440.470.622)
Annar rekstrarkostnaður samtals	117.819.762	149.495.754
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	30.203.698	27.130.921
Farartæki og vélar	6.951	0
Aðrar eignir	9.384	9.384
	30.220.033	27.140.305

Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
8 Handbært fé		
Tékkareikningar	3.482.758	161.504
	<u>3.482.758</u>	<u>161.504</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 59,5 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2023	31.12.2022
9 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	681.625.944	596.382.103
Aðrir ríkisaðilar	1.842.384	5.481.919
	<u>683.468.328</u>	<u>601.864.022</u>

<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	16.786.241	5.744.249
	<u>16.786.241</u>	<u>5.744.249</u>

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	112.447.956	80.150.593
Farartæki og vélar	618.346	0
Aðrar eignir	46.923	56.307
	<u>113.113.225</u>	<u>80.206.900</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023	210.983.026	0	93.843	211.076.869
Viðbætur á árinu	62.501.061	625.297	0	63.126.358
Selt/úrelt á árinu	(288.582)	0	0	(288.582)
	<u>273.195.505</u>	<u>625.297</u>	<u>93.843</u>	<u>273.914.645</u>
Afskriftir 01.01.2023	130.832.433	0	37.536	130.869.969
Afskrift ársins	30.203.698	6.951	9.384	30.220.033
Selt/úrelt á árinu	(288.582)	0	0	(288.582)
	<u>160.747.549</u>	<u>6.951</u>	<u>46.920</u>	<u>160.801.420</u>
Staða 31.12.2023	<u>112.447.956</u>	<u>618.346</u>	<u>46.923</u>	<u>113.113.225</u>

	31.12.2023	31.12.2022
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	252.047.637	244.054.194
Önnur ógreidd gjöld	213.507	3.456.826
	<u>252.261.144</u>	<u>247.511.020</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	113.113.225	80.206.900
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	416.143.956	322.270.314
	<u>529.257.181</u>	<u>402.477.214</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	80.206.900	322.270.314	402.477.214
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	157.000.000	157.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	63.126.358	(63.126.358)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(30.220.033)	0	(30.220.033)
	<u>113.113.225</u>	<u>416.143.956</u>	<u>529.257.181</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 30,1 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(6.845.653)	80.648.256
Afkoma ársins	<u>(15.375.303)</u>	<u>(87.493.909)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(22.220.956)</u>	<u>(6.845.653)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samræði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2023 og ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 175,3 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 15,1 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.